



Samgöngustefna

Í samræmi við skilgreint hlutverk Samgöngustofu skv. 1. gr. laga nr. 119/2012 er markmið Samgöngustofu að stuðla að öryggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks stofnunarinnar sem og allra landsmanna. Samgöngustofa vill sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Einnig hvetur Samgöngustofa alla til að sýna fyrirmyndar hegðun í umferðinni.

Leiðir

- Starfsfólks er hvatt til að nota almenningssamgöngur eða vistvænan ferðamáta til og frá vinnu sem oftast.
- Starfsfólk Samgöngustofu sem tekur strætó, gengur eða hjólar til og frá vinnu getur skrifað undir samgöngusamning og fengið greiddan samgöngustyrk.
Hámarksgreiðsla samgöngustyrks er 90.000 kr. pr. ár, mest greiddar 7.500 kr. hvern mánuð.
Skilyrði fyrir greiðslu skv. skattmati ríkisskattstjóra, er að ferðast sé með vistvænum ferðamáta a.m.k. 80% af heildarfjölda ferða, það er að jafnaði fjórir dagar hverja heila vinnuviku. Hægt er að sækja um hálfan styrk nemi vistvænar ferðir a.m.k. 40% af heildarfjölda ferða eða tvo daga hverja heila vinnuviku.
- Framtíðarsýn er að geta boðið upp á góða aðstöðu á vinnustað fyrir þau sem stunda vistvænar samgöngur, t.d. með góðu fatahengi, sturtu og traustu hjólastæði.
- Starfsfólk notar bíla í eigu stofnunarinnar, strætisvagna eða leigubíla til að fara á fundi ef hentar, velja skal vistvænasta mátann hverju sinni.
- Starfsfólk skal samnýta ferðir á vinnutíma eins og kostur er.
- Þegar pantaðir eru leigu- eða bílaleigubílar skal óskað eftir vistvænum bílum.
- Samgöngustofa skal við bílakaup huga að eldsneytisgjafa og hafa hag umhverfisins og græn skref í huga.
- Samgöngustofa hvetur starfsfólk til að fjölga síma- og fjarfundum eins og kostur er.
- Samgöngustofa hvetur starfsfólk til að prufa fleiri en einn samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnu og leggur þannig áherslu á fjölbreytileika samgangna.
- Fyrir starfsfólk sem að jafnaði notar vistvænan samgöngumáta greiðir Samgöngustofa leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna.
- Samgöngustofa leggur sérstaka áherslu á lög og reglur um fyrirmyndahegðun þeirra sem stýra ökutækjum, skipum og flugvélum. Ölvun undir stýri skal aldrei líðast og starfsfólk Samgöngustofa ætti aldrei að láta slíkt líðast í sinni návist.